

A 1746/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um

**Þingmannatillögu
um áætlanir um heildarvarnir, hættuástand og dreifingaröryggi**

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að* gera úttekt á norrænum viðbúnaði sem hægt er að samnýta og hvaða sviðum skuli veita forgang;
- að* skoða hvernig þróa megi samstarf milli varnarmálayfirvalda og milli lögreglufirvalda á Norðurlöndum;
- að* gera úttekt á því hvernig norrænt samstarf geti þróað viðbúnað almennings á Norðurlöndum og vitund hans um mismunandi hættur;
- að* greina áhrif alvarlegs hættuástands á matvæladreifingu á Norðurlöndum;
- að* kanna möguleika á að semja við mikilvæga aðila á Norðurlöndum um dreifingaröryggi.

Bakgrunnur

Flokkahópur hægrimanna lagði til að

Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að* gera úttekt á norrænum viðbúnaði sem hægt væri að samnýta og hvaða sviðum skyldi veita forgang;
- að* skoða hvernig þróa mætti samstarf varnarmála- og lögreglufirvalda á Norðurlöndum;
- að* gera úttekt á því hvernig norrænt samstarf gæti þróað vitund almennings á Norðurlöndum um viðbrögð við hættuástandi;
- að* greina áhrif alvarlegs hættuástands á matvæladreifingu á Norðurlöndum;
- að* kanna möguleika á að semja við mikilvæga aðila á Norðurlöndum um dreifingaröryggi.



Þingmannatillagan var kynnt á 69. þingi Norðurlandaráðs í Helsinki. Nefndarálit um tillöguna var tekið fyrir á fundi forsætisnefndar í Kaupmannahöfn 28. nóvember 2017.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefnd metur það svo að þingmannatillagan njóti víðtæks stuðnings í ráðinu.

Tillagan, sem á rætur sínar að rekja til flokkahóps hægrimanna, hlaut stuðning frá flokkahópi miðjumanna og Norrænum vinstri grænum við fyrstu afgreiðslu hennar á 69. þingi Norðurlandaráðs í Helsinki. Tillagan hlaut einnig stuðning annarra flokkahópa á fundi forsætisnefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Forsætisnefndin ræddi 2. og 3. tillögulið í drögum að nefndaráliti og náði samstöðu um breytingar á þeim. Eftir breytingarnar eru tillöguliðirnir svohljóðandi:

- að skoða hvernig þróa megi samstarf milli varnarmálayfirvalda og milli lögregluvalda á Norðurlöndum
- að gera úttekt á því hvernig norrænt samstarf geti þróað viðbúnað almennings á Norðurlöndum og vitund hans um mismunandi hættur

Forsetinn vísaði til þess að varnar- og öryggismál væru hátt á lista yfir þau málefni sem Norðurlandabúar telja mikilvægt að vinna saman að. Byggir hann það á nýrri skoðanakönnun um norrænt samstarf sem var kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki.

Á forsætisnefndarfundinum var enn fremur bent á það að Norðurlandaráð hefði á þemaþingi þess um utanríkis-, öryggis- og varnarstefnu og öryggi almennings árið 2013 beðið um greinargerð fyrir þingið 2013 um samfélagsöryggi á grundvelli Haga II-yfirlýsingarinnar. Greinargerðin hefur aldrei verið lögð fram.



Forsætisnefndin telur við hæfi að halda áfram samstarfi á sviðinu eftir Haga II.

Þó kann að vera örðugt að ákveða tilhögun á samstarfinu þar sem mismunandi ráðherrar hafa almannavarnir og samfélagsöryggi á sinni könnu í ríkisstjórnunum norrænu landanna.

Núverandi norrænt varnarsamstarf á vegum NORDEFECO getur að mati forsætisnefndarinnar verið fyrirmynd að fyrirkomulagi samstarfsins um almannavarnir og heildarvarnir.

Kaupmannahöfn, 28. nóvember 2018

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Christian Juhl (EL)

Erkki Tuomioja (sd)

Henrik Dam Kristensen (S)

Kjersti Toppe (Sp)

Lena Asplund (M)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Mikkel Dencker (DF)

Oddný G. Harðardóttir (A)

Phia Andersson (S)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)

Staffan Danielsson (C)

Wille Rydman (saml)